



12. desember 2023

Tilv.: 2312053

Dreifibréf númer: 55/2023  
til fjármálafyrirtækja og Samtaka fjármálafyrirtækja

*Efni:* Drög að nýjum reglum um markaðsáhættu og útlánaáhættu fjármálafyrirtækja.

Seðlabanki Íslands hefur gefið út tvö umræðuskjöl, nr. 19–20/2023, sem innihalda drög að reglum til að innleiða reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) um tæknilega staðla sem settar eru samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR) sem innleidd er í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Reglurnar verða settar með stoð í 2. mgr. 117. gr. b laganna.

Í umræðuskjali nr. 19/2023 er að finna drög að nýjum reglum um markaðsáhættu fjármálafyrirtækja. Um er að ræða uppfærðar reglur þar sem reglugerð (ESB) 2023/1577, varðandi aðferðir við mat á gjaldeyrisstöðum og stöðum í hrávörum utan veltubókar, og reglugerð (ESB) 2023/1578 varðandi skilgreiningu á líkum á vanefndum og tapi að gefnum vanefndum með eigin vanskilaáhættulíkani undir óhefðbundnu eiginlíkansaðferðinni, bætast við þær reglugerðir sem þegar hafa verið innleiddar með reglunum. Með gildistöku reglnanna falla úr gildi reglur nr. 751/2023 um sama efni.

Í umræðuskjali nr. 20/2023 er að finna drög að nýjum reglum um útlánaáhættu fjármálafyrirtækja. Um er að ræða uppfærðar reglur þar sem reglugerð (ESB) 2023/206, þar sem tilgreindir eru þættir sem taka skal til greina við mat á tilhlýðileika áhættuvoga fyrir áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með veði í fasteignum og þau skilyrði sem taka skal tillit til við mat á því hversu viðeigandi lágmarksgildi fyrir tap að gefnum vanefndum er fyrir áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með fasteignum, bætist við þær reglugerðir sem þegar hafa verið innleiddar með reglunum. Með gildistöku reglnanna falla úr gildi reglur nr. 1092/2023 um sama efni.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu Seðlabankans: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjölum berist eigi síðar en 19. desember nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gerð umsagnareyðublöð sem finna má á vefsíðu Seðlabankans, sbr. nánari skýringar í umræðuskjölum. Umsagnareyðublöð skal senda á netfangið: [skjalasafn@sedlabanki.is](mailto:skjalasafn@sedlabanki.is).

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS  
Fjármálaeftirlit

Kristín Logadóttir  
staðgengill framkvæmdastjóra  
varúðareftirlit

Pálmi Reyr Ísólffson  
forstöðumaður  
varúðareftirlit

